

stjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar eigi þeirri niðurstöðu.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfu stefnanda til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Ákvæði b liðar 2. gr. í sildveiðisamningi frá 29. des. 1963 skal gilda um ráðningarsamninga II. stýrimanns við sildveiðar á skipum 300 að 500 rúmlestir að stærð.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 8. júlí 1968.

Nr. 1/1968.

Brynjar Bergþórsson

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þjóts

(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Félagsréttindi: Bifreiðarstjóra synjað um inngöngu í félag bifreiðastjóra. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi, með stefnu dags. 17. apríl s.l., af Brynjari Bergþórssyni bifreiðarstjóra, Skólabraut 31 á Akranesi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þjóts á Akranesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær: að Vörubílstjórafélagið Þjótur verði skyldað til að veita stefnanda full og óskert

félagsréttindi, þar með talin réttindi til setu á félagsfundum, málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur, ásamt öllum vinnuréttindum samkvæmt taxta og samningum félagsins, að Vörubílstjóraráfélagið Þjótur verði skyldað til að veita stefnanda full og óskoruð stöðvarréttindi og að félagið verði dæmt til greiðslu sektar í rikissjóð fyrir brot á 2. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 80/1938.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefndi, sem er búsettur á Akranesi og ekur vörubifreiðinni E 759, sem er eign hans, sótti um inngöngu í Vörubílstjóraráfélagið Þjót hinn 15. apríl 1967. Þessari umsókn hans sýnjaði félagið með svohljóðandi bréfi, dags. 17. s. m.:

„Inntökubeiðni yðar, dags. 15. apríl, var lögð fram á fundi stjórnar félagsins. Fyrir eru nú liggjandi 9 inntökubeiðnir, og verða þær teknar til greina eftir þeirri röð, sem þær bárust, svo fyrirsjáanlegt er, að ekki verður hægt að verða við beiðni yðar að sinni“.

Stefndi sótti aftur um inngöngu í Þjót á s.l. hausti (1967), en þeirri umsókn hefur ekki verið svarað sérstaklega af félagsins hálfu.

Kröfu sína um inngöngu og full félagsréttindi í Vörubílstjóraráfélaginu Þjóti byggir stefnandi á því, að hann fullnægi öllum þeim skilyrðum til inngöngu, sem sett séu í lögum félagsins. Og þar sem nú séu ekki samkvæmt 3. málsgrein 1. gr. laga nr. 1/1966 í gildi nein takmörk fyrir fjölda vörubifreiða á Akranesi, sé Þjóti þegar af þeirri ástæðu skylt að veita honum full félagsréttindi. En jafnvel þótt svo yrði litið á, að heimilt væri að hinda tölu þeirra vörubifreiða, sem starfræktar eru frá stöð nefnds félags á Akranesi, við hámarkstöluna 20, svo sem heimilt hafi verið fyrir gildistöku laga nr. 1/1966, þá sé honum (stefnanda) ekki skylt að hlita því, að umsækjendur, þótt skráðir séu sem slíkir hjá félaginu á undan honum, en eiga ekki vörubifreiðar, fái félagsréttindi fyrr en hann, en svo sé því farið um að

minnsta kosti tvo umsækjendur, og nú séu á biðlista þrír menn, er ekki eiga vörubifreið, sem félagið telji að eigi forgangsrétt til inngöngu áður en að honum komi. Auk þessa vefengir stefnandi, að nú hafi 20 aðiljar með réttu akstursréttindi frá stöð Þjóts á Akranesi.

Stefndi gerir þá grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli, að samkvæmt reglugerð nr. 187 frá 30. nóvember 1959, sbr. lög nr. 40/1957, sé bæjarstjórn Akraness heimilt að ákveða hámarkstölu vörubifreiða á Akranesi, sem nota megji til aksturs fyrir almenning gegn borgun. Þessari heimild hafi bæjarstjórnin beitt undanfarin ár og sé leyfð hámarkstala á árinu 1968 alls 20 vörubifreiðar. Heldur stefndi því eindregið fram, að það hafi alls ekki verið tilætlun löggjafans, að það ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 1/1966, að eigi mætti takmarka tölu vörubifreiða í kaupstöðum með 700 íbúum eða fleiri, ef félag vörubílstjóra þar tæki til tveggja sveitarfélaga eða fleiri, skyldi haggja við eða fella niður rétt þann, er bæjarstjórnir höfðu áður haft til takmörkunar, enda þótt eigi væri tekið fram berum orðum, að heimild þeirra stæði áfram óbreytt, enda mundi slík túlkun leiða til fullkomins glundroða í þessum efnun. Telur stefndi, að lög nr. 1/1966 skipti þannig engu máli um rétt stefnanda til inngöngu í Þjót.

Þá skýrir stefndi frá því, að eins og lögum og starfsemi Vörubílstjórafélagsins Þjóts sé háttað, en félagssvæðið sé Akraneskaupstaður og Borgarfjarðarsýsla, fari saman félagsréttindi og skylda hvers félagsmanns til þess að hafa afgreiðslu fyrir bifreið sína á stöð félagsins á Akranesi. Frá þessu hafi þó og séu veittar undanþágur, ef félagsmaður er búsettur svo fjarri Akranesi, að hann stundi ekki atvinnu þar eða þaðan, enda greiði hann þá lægri félagsgjöld. Sé félagsmaður hins vegar búsettur á Akranesi eða í næsta nágrenni, verði hann að hafa afgreiðslu á stöðinni, en um fjölda bifreiða þar verði félagið að hlita þeirri hámarkstölu, sem bæjarstjórnin ákveður. Sé vörubifreiðastjórum á Akranesi því gagnslaut að teljast félagsmenn í Þjóti, ef þeir hafi ekki leyfi til þess að stunda leigubifreiðaakstur. Félagið hafi því tekið upp þá reglu, að skrá innsækjendur á biðlista

í þeirri röð, sem umsóknir um inngöngu berast. Séu þeir svo teknir í félagið í rétttri röð, þegar stöðvarpláss losnar, enda fullnægi innsækjandi þá innan tiltekins tíma skilyrðum félagslaganna fyrir inngöngu. Sé þess ávallt gætt, að bílstjórar séu teknir í félagið eftir tímaröð umsókna þeirra. Þannig hafi tveir vörubílstjórar, þeir Stefán Ananiasson og Sigvaldi Gunnarsson fengið inngöngu í félagið, eftir að því barst umsókn stefnanda, en umsóknir þeirra hefðu verið eldri og síðar endurnýjaðar. Hefðu þeir fengið 5 daga frest til þess að tjá sig um það, hvort þeir stæðu við umsókn sína og því næst eins mánaðar frest til að fullnægja skilyrðum félagslaganna um inngöngu. Nú stæðu sakir svo, að hjá félaginu væru umsóknir frá eftirtöldum bifreiðastjórum, talið í þeirri röð, sem þær hefðu borizt:

Ólafi Sigurbjörnssyni,
 Ágústi Oddssyni,
 Árna Runólfssyni,
 Ellert Erlendssyni,
 Brynjari Bergþórssyni (stefnanda),
 Bjarna Stefánsyni og
 Guðmundi Helgasyni.

Yrði þessum mönnum veitt félags- og stöðvarréttindi eftir því sem stöðvarpláss losnuðu og í þeirri röð, sem þeir eru taldir.

Nú væru 19 vörubílstjórar skráðir með stöðvarréttindum á stöð félagsins, en í 20. plássinu væri bifreið í eigu ekkju félagsmanns, sem látizt hefði á þessu ári, en eigi væri endanlega ráðið, hversu færi um réttindi þeirrar bifreiðar. Af þessu segir stefndi það ljóst, að eigi hafi á nokkurn hátt verið gengið á rétt stefnanda. Hann sitji að öllu leyti við sama borð og aðrir. Að vísu mætti orða það, að hann gæti átt rétt til inngöngu í félagið að formi til, en sú aðstaða sé honum gagnslítill, þar sem hann geti samkvæmt framan-sögðu ekki fengið stöðvarréttindi. Staðhæfir stefndi, að framangreind tilhögun um inntöku félagsmanna, sem Vörubílstjórufélagið Þjótur hafi fylgt, hafi eigi fyrr en nú sætt neinum andmælum.

Stefnandi hefur mótmælt því, að stefnda hafi verið rétt

gagnvart sér að veita þeim Stefáni Ananiassyni og Sigvalda Gunnarssyni full félags- og stöðvarréttindi, þar sem hvorugur þeirra hafi átt vörubifreið og jafnframt hefur hann andmælt því, að það sé almennt rétt regla að miða einungis við röð umsókna um inngöngu án tillits til þess, hvort umsækjendur fullnægi í öllu skilyrðum félagsins, þegar þeir sækja um inngöngu.

Samkvæmt lögum Vörubílstjórafélagsins Þjóts er félagssvæðið Akraneskaupstaður og Borgarfjarðarsýsla. Með reglugerð nr. 187 frá 1959, sem sett var samkvæmt lögum nr. 40 frá 1957, var bæjarstjórn Akraness, eins og áður er greint, heimilað að ákveða hámarkstölu vörubifreiða þar og hefur hún beitt þeirri heimild. Með lögum nr. 1/1966 var gerð sú breyting á lögum nr. 40/1957, að sett var inn ákvæði þess efnis, að eigi væri heimilt að takmarka sérstaklega tölu vörubifreiða í kaupstöðum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar væru félagar í vörubílstjórafélagi, sem hefði tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði. Eigi er þess getið í lögum nr. 1/1966, hversu fara skuli á þeim svæðum, þar sem tala vörubifreiða var áður takmörkuð, en íbúatala kaupstaðar var yfir 700, eins og háttað er á Akranesi. En í framkvæmd varð það svo þar, að áfram voru talin í gildi fyrri ákvæði laga og reglugerðar um hámarkstölu vörubifreiða. Þykir mega skýra ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 1/1966 svo, að það hafi eigi verið tilætlun löggjafans, að fella úr gildi áðurnefnda heimild bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar um hámarkstölu vörubifreiða þar, enda mundi sú túlkun á nefndu ákvæði laga nr. 1/1966 óhjákvæmilega almennt leiða til óæskilegs ástands í þessum efnunum. Verður því eigi talið, að stefnandi geti byggt rétt sinn til inngöngu í Vörubílstjórafélagið Þjót á þeirri ástæðu, að eigi séu lengur í gildi ákvæði um hámarkstölu vörubifreiða á Akranesi.

Stefndi hefur skilmerkilega gert grein fyrir þeim reglum, sem hann beitir um inntöku nýrra félaga og hefur ekkert komið fram, sem bendi til þess, að hann hafi misbeitt þeim í framkvæmd, eða að innsækjendum í félagið sé veittur óhæfilega langur frestur til þess að fullnægja skilyrðum félagslaganna fyrir inngöngu í félagið. Verður að þessu at-

huguðu að telja, að nefnd starfsregla Þjóts brjóti eigi í bága við grundvallarreglu 2. gr. laga nr. 80/1938 og að stefnandi verði að hlíta þeim reglum, sem félagið hefur sett sér og að framan er lýst, þ. e. að bíða þess að röðin komi að honum samkvæmt tímasetningu umsóknar hans. Skiptir þá ekki máli fyrir úrslit máls þessa, eins og umsóknum um inngöngu er nú háttað, hvort fullgildir stöðvarfélagar Þjóts á Akranesi eru nú 19 eða 20. Óvefengt er, að stefnandi fullnægir almennt skilyrðum félagslaga Þjóts til inngöngu.

Samkvæmt framansögðu verður þá niðurstaða máls þessa, að sýkna ber stefnda að svo stöddu af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þjóts, á að svo stöddu að vera sýkn af kröfum stefnanda, Brynjars Bergþórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Einars Arnalds og Hákonar Guðmundssonar.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 1/1966 um að eigi sé heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruf lutninga í kaupstöðum og kauptúnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðastjórafélagi, sem hefur tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði, eru skýlaus og geyma eigi nein fyrirmæli um það, að nefnd ákvæði taki eigi til þeirra svæða, þar sem áður var heimilt að takmarka fjölda vörubifreiða. Getur ákvörðun bæjarstjórnar Akraness um hámarkstölu vörubifreiða þar árið 1968 því eigi skotið loku fyrir rétt stefnanda til inngöngu í Vörubílstjórafélagið Þjót. Og þar sem hann fullnægir skilyrðum laga þess til inngöngu, ber samkvæmt meginreglu 2. gr. laga nr. 80/1938 að taka kröfu hans um félags- og stöðvarréttindi til greina, en eigi þykja eins og máli þessu er háttað efni til að dæma sekt á hendur Vörubílstjórafélaginu Þjóti.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður falli niður.